

20. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

16. nóvember 2021 kl. 15.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri og Maja Vilstrup, fulltrúi foreldraráðs. Fulltrúa starfsfólks vantaði inn á fundinn þar sem ekki er búið að skipa hann.

FUNDURINN VAR FJARFUNDUR, SBR. HEIMILD Í AUGLÝSINGU SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTISINS, NR. 1273/2021, DAGS. 12. NÓVEMBER 2021.

Dagskrá:

1. Viðbragðsáætlun vegna fáliðunar

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn. Formaður óskaði jafnframt eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

1. Viðbragðsáætlun vegna fáliðunar

Leikskólastjóri fór yfir stöðuna á leikskólanum. Við útreikning á barngildum er miðað við stöðu leikskólakennara. Jafnframt kom fram að stöðugildin í dag eru rúmlega 14 talsins, en voru í mars rúmlega 19.

Leikskólastjóri lagði fram og fór yfir drög að viðbragðsáætlun vegna fáliðunar.

Þar sem erfitt hefur reynst að manna leikskólann með fullnægjandi hætti núna í haust er nauðsynlegt að fyrir liggir áætlun um hvernig brugðist verði við fáliðun í hópi starfsfólks, komi sú staða upp. Áætlunin er byggð á fáliðunarstefnum leikskólanna á Laugalandi og Kerhólsskóla.

Málið rætt. Skólanefnd samþykkir viðbragðsáætlunina með áorðnum breytingum sem fram komu á fundinum.

Leikskólastjóra falið að kynna málið fyrir hlutaðeigandi aðilum og fyrir samfélaginu í framhaldinu.

Skólanefnd vill þakka starfsfólki Undralands innilega fyrir vinnuframlag þeirra í þeim krefjandi aðstæðum sem uppi eru í ytra og innra umhverfi leikskólans um þessar mundir.

Flaira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00. Næsti fundur ákveðinn síðar.